

## 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinu.

- 1, með því að  $\frac{1}{4}$  árlegra vaxta skal ávallt lagður við höfuðstólinn;
- 2, með gjöfum. er sjóðnum kunna að verða gefnar í því skyni;
- 3, með því að leggja við höfuðstólinn það af vöxtunum, er eigi kann að verða útbýtt.

## 3. gr.

Þrem fjórðu hlutum árlegra vaxta sjóðsins má verja til styrktar gömlum fátækum formönnum í Norðurisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, er ekki þiggja af sveit, orðnir eru 50 ára að aldri og hafa að minnsta kosti verið 25 ár formenn á opnum bátum í Norðurisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

## 4. gr.

Sýslunefndin í Norðurisafjarðarsýslu hefir aðalumsjón sjóðsins á hendi; kýs hún stjórn sjóðsins, úrskurðar reikninga hans og gætir þess, að skipulagsskrá þessari sje fylgt o. s. frv.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er sýslunefndin kýs á aðalfundi sínum ár hvert. Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum, semur árlega reikninga hans og leggur þá fyrir sýslunefndina til úrskurðar.

Reikningurinn skal birtur á prenti.

## 6. gr.

Sá, sem vill fá styrk úr sjóðnum, skal senda stjórn sjóðsins skriflega beiðni um það fyrir 31. desbr.; skal beiðni hans fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra manna um það, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er sett eru í 3. gr. Við styrkveitingar úr sjóðnum skal og taka tillit til dugnaðar styrkbeiðanda í formennsku.

## 7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn til ársins 1950 ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, en þá má sýslunefndin í Norðurisafjarðarsýslu gera aðra ráðstöfun um ávöxtun hans, ef þörf þykir.

## 8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norðurisafjarðarsýslu, 24. og 25. marz 1904.

*Grimur Jónsson,*  
settur.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Framfarasjóð Stykkishólms«, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af ráðherra Íslands 9. júní 1904. 9. júní 1904. 72  
Skipulagsskráin er þannig:

**Upprentað blað.**

## Skipulagsskrá

fyrir »Framfarasjóð Stykkishólms«.

### 1. gr.

Sjóðurinn er myndaður af fje því, er Bjarni heitinn Jóhannsson, skipstjóri í Stykkishólmi, ánafnaði sjóðnum með arfleiðsluskrá, dags. 27. febr. 1902. Gjafafjeð var lagt sjóðnum út á skiptum í búi Bjarna heitins 27. janúar 1904 með 10640 — tíu þúsund sex hundruð og fjörutíu — krónum  $70\frac{2}{3}$  aurum þannig: 5000 kr. af innstæðu hjá Magnúsi kaupmanni Þórarinssyni í Stykkishólmi, samkvæmt kaupsamningi, dags. 22. febrúar 1902, þingl. 31. maí s. á., 2300 króna eptirstöðvar samkvæmt skuldabreyfi Ólafs Jóhannessonar í Stóráskógi, dags. 29. október 1901, 1200 króna eptirstöðvar af kaupverði jarðarinnar Máfahlíðar í Neshreppi innan Ennis hjá Þorbirni Ásbjörnssyni á Brimilsvöllum, samkvæmt kaupsamningi, dags. 20. október 1902 og 1960 kr.  $70\frac{2}{3}$  aurar í peningum.

### 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Verði sjóðurinn fyrir óviðráðanlegu tjóni, skal árlega verja þriðjungum af árstekjunum til þess að auka höfuðstólinn þangað til hann nær aptur upprunalegri upphæð.

### 3. gr.

Allt reiðufje sjóðsins skal ávaxta sem ómyndugra fje, eða fyrir það keypt arðberandi fasteign eða örugg verðbrjef. Árlegar afborganir af lánsfje sjóðsins má þó ávaxta til bráðabirgða í öruggum sparisjóði.

### 4. gr.

Árstekjunum af höfuðstól sjóðsins eða afgangi ársteknanna samkvæmt 2. gr. skal verja til framfara Stykkishólmi. En til þess teljast allar framkvæmdir, er miða til að efla almenna hagsæld þeirra manna, er eiga heima í Stykkishólmskaupúni. Til framfærslu þurfamanna má aldrei verja nokkru af tekjunum.

### 5. gr.

Tilgangi sjóðsins skal reynt að ná, með því annaðhvort að veita heimilisföstum mönnum í kaupúninu verðlaun fyrir framúrskarandi framtakssemi og ráðdeild, eða með því að leggja fram fje til nytsamra fyrirtækja, eða með hvorutveggju mótinu. Eugiu verðlaun sjeu minni en 50 kr. og ekkert fjárframlag lægra en 100 kr.

### 6. gr.

Verðlaununum og fjárframlögum skal útbýta á dánardægri arfleiddanda, 1. marz ár hvert. Þyki enginn hafa unnið til verðlauna og þyki ekki heldur ástæða til að leggja fram fje til almennra framkvæmda, skal geyma það, er útluta átti, til næsta úthlutunardags. En það, sem þá ekki kann að verða notað af tekjunum, skal leggja við höfuðstólinn auk þess, er við haun kynni að verða lagt samkvæmt 2. gr. Það, sem lagt verður við höfuðstól, er ekki apturtækt.

### 7. gr.

Lárus H. Bjarnason, sýslumaður í Stykkishólmi, stjórnar sjóðnum meðan hann á heima í kaupúninu, en leitar þó álits sýslunefndarmannsins og

hreppsnefndaroddivitans í Stykkishólmsþreppi um það, hvernig verja skuli tekjunum, **72**  
 áður en úthlutun eptir 6. gr. fer fram. Þegar nefndur sýslumaður lætur af stjórn 6. júní  
 sjóðsins, tekur við henni þriggja manna nefnd, sýslumaðurinn í Snæfellsness-  
 og Hnappadalssýslu og tveir sjálfstæðir heimilisfastir menn í Stykkishólmi, ann-  
 ar kosinn af sýslunefndinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og hinn af  
 hreppsnefndinni í Stykkishólmsþreppi, báðir kosnir til árs í einu.

8. gr.

Reikning sjóðsins fyrir umliðið almanaksár skal birta í einhverju opin-  
 beru blaði fyrir maímánaðarlok ár hvert.

\* \* \*

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappa-  
 dalssýslu 11. – 12. apríl 1904.

Skrifstofu Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi 15. apríl 1904.

*Lárus H. Bjarnason.*

Með brjefi stjórnarráðsins, dagsettu 14. júní 1904, voru af bráðabyrgðaruppbót þeirri  
 handa brauðum, er veitt er í 13. gr. A. b. 2 fjárlaganna fyrir 1904 og 1905, veittar eptir-  
 nefndum prestaköllum þessar upphæðir:

1. Desjarmýrarprestakalli . . . . .	Kr. 200 00
2. Stöðvarprestakalli . . . . .	— 75 00
3. Berufjarðarprestakalli . . . . .	— 75 00
4. Bjarnanesprestakalli . . . . .	— 100 00
5. Stafafellsprestakalli . . . . .	— 150 00
6. Kálfafellsstaðarprestakalli . . . . .	— 100 00
7. Landsprestakalli . . . . .	— 200 00
8. Ólafsvallaprestakalli . . . . .	— 250 00
9. Kálfatjarnarprestakalli . . . . .	— 125 00
10. Lundarprestakalli . . . . .	— 100 00
11. Gufudalsprestakalli . . . . .	— 300 00
12. Staðarprestakalli í Súgandafirði . . . . .	— 150 00
13. Prestsbakkaprestakalli . . . . .	— 200 00
14. Auðkúluprestakalli . . . . .	— 200 00
15. Hvammsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi . . . . .	— 100 00
16. Reynistaðarprestakalli . . . . .	— 300 00
17. Mælifellsprestakalli . . . . .	— 150 00
18. Goðdalaprestakalli . . . . .	— 150 00
19. Grímseyjarprestakalli . . . . .	— 150 00
20. Kviabekkjaprestakalli . . . . .	— 200 00
21. Staðarprestakalli í Grunnavík . . . . .	— 120 00
22. Staðarprestakalli í Aðalvík . . . . .	— 720 00
23. Grundarþingum . . . . .	— 150 00
24. Fjallapingum . . . . .	— 150 00
25. Svalbarðsprestakalli . . . . .	— 150 00

Samtals kr. 4565 00